

Fundargerð

Fundur í stjórn Foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness

28. sept, 2011

Mættir eru: Soffía Guðmundsdóttir, Stephanie Smith, Sigrún Guðmundsdóttir, Saga Ómarsdóttir og Magnhildur Magnúsdóttir fundaritari. Þórður Rafn Ragnarsson og Þórunn eru flutt af Seltjarnarinesi og ekki með börn lengur á leikskólanum. Anna, Hildur Elín, Haukur og Kristín voru fjarverandi.

Fjármál

Staða félagssins er góð, það er til peningur til að kaupa myndavél fyrir leikskólann. Það ætti að verða afgangur þegar búið er að kaupa myndavélina og var rætt um að láta einhvern pening ganga á milli ára og restin færi í gjöf til deildanna. Skoðað betur hjá nýrri stjórn.

Lagt til að félagsgjöldin verði þau sömu og síðasta ár.

Verkefni fyrir aðalfundinn

Stephanie ætlar að kaupa myndavélina og búa til smá kynningu fyrir aðalfundinn.

Sigrún ætlar að taka saman hverjir gefa kost á sér áfram til starfa í foreldrafélaginu.

Saga sér um að finna auglýsingu um aðalfundinn fyrir Soffíu til að að senda út á alla.

Soffía setur auglýsingu á hurðir leikskólans.

Magnhildur talar við Hauk um að búa til auglýsingu til að senda á foreldra til að minna á fundinn.

Fundi slitið

18.00